

Nd.

153. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1200 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 600 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Árslaun ullarmatsformanns eru nú 800 kr. og yfirullarmatsmanna 400 kr., og var engin breyting á þessu gerð með lögum um laun starfsmanna ríkisins frá 2. marz 1945. Með lögum nr. 3 1936 eru laun yfirkjötmatmanna ákveðin 600 kr. á ári, og verður að teljast sanngjarnt, að yfirullarmatsmönnum séu ákveðin sömu laun og laun ullarmatsformanns hlutfallslega hærri. Breyting þessi á launakjörunum er í samræmi við tillögu, er samþykkt var á fundi yfirullarmatsmanna, sem haldinn var í Reykjavík í júnímánuði 1944.